

Heiti verkefnis Táknaááapp - Sögustund á táknmáli í símanum Hljóðbók fyrir heyrnarlaus börn

Sótt er um styrk að upphæð kr. 2.000.000

Lýsing verkefnis - Greinið frá markmiðum, eðli og umfangi verkefnis Félag heyrnarlausra mun fagna 60 ára afmæli félagsins í febrúar 2020. Í tilefni þess langar félaginu að gefa heyrnarlausum og heyrandi börnum á aldrinum 4 ára og uppúr frítt tvítýngt app þar sem sagðar verða smásögur á táknmáli. Með þessu fá bæði heyrnarlaus börn tækifæri á að fá sagðar sögur á sínu tungumáli þ.e. íslenska táknmálinu, eitthvað sem ekki er til, og sögurnar verði textaðar sömuleiðis þannig að önnur börn fái notið þess að sjá sagðar sögur á lifandi hreyfímáli, íslenska táknmálinu og öðlist um leið sýn í heim heyrnarlausra jafnaldra sinna með því að sjá og fylgja söguþræðinum eftir á táknmáli og geta jafnframt lesið með. Appið sem þegar er til erlendis hefur margþættan ávinning fyrir utan það að heyrnarlaus börn fái sína sögustund á sínu tungumáli, er þroski við að horfa, lesa og læra.

Verkefni hefst: 01.01.2020

Verkefni lýkur: 29.01.2021

Tíma- og verkáætlun

Undirbúningur er þegar hafinn við að leita styrkja til að kosta fyrstu útgáfu saganna, kaupa appið og fá erlenda aðila til að koma og kenna upptöku og sögufólki vinnslu kerfisins. Í framhaldi mun sögum fjölga, allt eftir vilyrði og samfélagsþátttöku stofnanna og fyrirtækja við verkefnið. erum við að tala um október 2019 til maí 2021.

Gera skal grein fyrir með hvaða hætti árangur verkefnisins verður metinn Ekkert, nákvæmlega ekkert er í boði fyrir heyrnarlaus börn en með tækni eins og appi er hægt að færa sögur inn á síma fólks á mun einfaldari hátt og með bættri flutningstækni 4G/5G. Ríki og sveitarfélög hafa ekki þekkingu á þessu efni þannig að þjálfun starfsfólks upptökuversins í Félagi heyrnarlausra fær þjálfun til að vinna efnið á íslenskt táknmál. Þetta söguapp er til í Bandaríkjunum og hefur reynst ákaflega vel sem barnaefni fyrir heyrnarlaus börn.

Samstarfsaðilar Mezmals USA sjá má appið á [www.mezmals.com](http://www.mezmals.com)

Félag heyrnarlausra er með upptökuver, tæknimann sem sér um að uppfæra efni og fréttæfni á heimasíðu Félags heyrnarlausra [www.deaf.is](http://www.deaf.is) og mun félagið fá þjálfun frá Mezmals varðandi tæknilega útfærslu netsins.

Stofnanir og fyrirtæki sem styðja verkefnið fjárhagslega.

Sundurliðuð fjárhagsáætlun

Í fjárhagsáætlun þurfa að koma fram m.a. upplýsingar um áætlaðan kostnað, tekjur, hlutdeild annarra í kostnaði við verkefnið og styrkfé sem verkefnið hefur hlotið og/eða hefur sótt um á þessu ári

Áætlaður heildarkostnaður stofnkostnaður 4.500.000

Kaup og þjálfun á hugbúnaði:	2.500.000	Efniskostnaður við studió:	500.000	Vinnulaun
sögufólks og undirb	1.200.000	Annar kostnaður	300.000	

Tekjur Barnaefnið er hugsað sem gjöf félagsins til heyrnarlausra barna og annarra barna í tilefni af 60 ára afmæli Félags heyrnarlausra 11. febrúar 2020.

Aðrar upplýsingar

Annað sem umsækjandi vill taka fram Mikilvægt er að heyrnarlaus börn fái barnaefni á sínu tungumáli, íslenska táknmálinu þó við viljum gera betur og hafa efnið tvítyngt þannig að önnur börn njóti einnig góðs af. Ekkert videoefni hefur verið gefið út af stofnunum sveitarfélaga né ríkis fyrir heyrnarlaus börn og því tími til að auka efni fyrir þennan einangraða hóp.